

SÍBS blaðið

27. árgangur / 2. tölublað / maí 2011



- Umfjöllun um Múlalund í máli og myndum
- Nýr framkvæmdastjóri SÍBS
- Starfsendurhæfing á Reykjalundi
- Fjölbreytt útgáfustarfsemi SÍBS
- Af gönguhópi Perluvina

ILMEFNI ERU EKKI GÓÐ FYRIR HÚÐINA – OG ÞAÐ VEISTU VEL!



ENNEW1 / SIA / NM45962



Neutral vörur
eru viðurkenndar af
dönsku astma- og
ofnæmissamtökum.



ILMEFNI AUKA HÆTTUNA Á OFNÆMI

Ofnæmisprófuðu vörurnar frá Neutral auðvelda þér að segja nei við ilmefnum og öðrum óauðsynlegum viðbótarefnum – án þess að slá nokkuð af kröfum þínum um þau gæði, velliðan og virkni sem þú átt að venjast. Ilmefni auka hættuna á ofnæmi. Og ofnæmi losnar þú aldrei við. Allar Neutral vörur eru viðurkenndar af astma- og ofnæmissamtökum og meirihluti þeirra er þar að auki Svansmerktur. Gerðu því vel við húð þína og kauptu Neutral næst. Búðu til þitt eigið ilmefnalaus svæði.

Neutral[®]
verndar viðkvæma húð

Efnisyfirlit

Kveðja til umboðsmanna Happdrættis SÍBS	3
Múlalundur – fyrr og nú	4
Landsmenn styðja Múlalund	7
„Hér kemur birtan ofan frá“	8
„Vil helst vinna hér ...“	10
Ertu á Facebook?	11
Innréttað fyrir Múlalund	12
Komu Múlalundar fagnað	13
Vinnur á Múlalundi	14
ÖBÍ 50 ára!	15
Nýr framkvæmdastjóri SÍBS	16
Starfsendurhæfing á Reykjalundi	17
Leiguíbúð Hjartaheilla	20
Fjölbreytt útgáfustarfsemi SÍBS	21
Perluvínir á fermingaraldri	23
Myndagátan	25
Krossgátan	27

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Pétur Bjarnason

Ritnefnd:
Haraldur Finnsson
Jónína Sigurgeirsdóttir
Sigmar B. Hauksson

Útlit:

Hér & Nú auglýsingastofa

Umbrot og prentun:

Oddi umhverfissvottuð prentsmiðja



Upplag 7.500

Pökkun:
Vinnustofan Ás

Auglýsingar:
Hugkaup - Eignaskipti

ISSN 1670-0031

Forsíðumynd:

Vor við Reykjavíkurtjörn
Ljósm. Pétur Bjarnason

Kveðja til umboðsmanna Happdrættis SÍBS



Happdrætti SÍBS hefur nú starfað á sjöunda áratug og allan þann tíma hefur rekstur þess gengið vel. Það hafa komið skúrir og skin, gengið betur á einu tímabili en öðru, en alltaf hefur happdrættið skilað fjármunum til uppbyggingarstarfs SÍBS á Múlalundi og Reykjalundi.

Stærsti þáttur í þessari velgengni er hlýhugur landsmanna og velvild, en í þessu sambandi er nauðsynlegt að geta um þátt umboðsmanna happdrættisins í góðu gengi þess. Þeir eru nú rúmlega áttatíu talsins en voru yfir 120 þegar flestir voru.

Fyrir daga tölvutækni og nútíma fjarskipta reyndi mun meira á störf umboðsmanna en nú. Þeir voru bókstaflega lífsnauðsyn fyrir happdrættið. Á fyrstu árum þess fóru erindrekar SÍBS um landið og völdu sér trausta samstarfsmenn til að sinna þessum störfum. Aðrir tóku við af þeim og með þessum móti var unnt að halda úti miðasölu um allt landið. Þegar fór að draga úr sölu miða dró jafnframt úr tekljum umboðsmanna og flestir umboðsmenn okkar á landsbyggðinni gegna þessum störfum af hugsjón en ekki í hagnaðarskyni. Umboðsmönnum okkar fækkar stöðugt, því nýtt fólk tekur ekki við og betur er hægt að leysa störf þeirra með kortavíðskiptum eða á annan hátt en áður var. En þrátt fyrir það að ekki sé eftir miklu að slæggjast þá eru skipti ekki ör. Sem dæmi má nefna að sá umboðsmanna sem lengst hefur starfað, Pálmi Sæmundsson á Borðeyri, hefur verið umboðsmaður í heil 60 ár. Hann tók ungur við nýstofnuðu umboði þarna og hefur sinnt því síðan að undanskildum nokkrum mánuðum sem hann fékk afleysingu vegna skólagöngu sinnar í Reykjaskóla.

Þar sem ég undirritaður er nú að hætta störfum hjá Happdrætti SÍBS vil ég senda umboðsmönnum happdrættisins mínar bestu kveðjur og þakkir fyrir skemmtileg og góð kynni. Samskipti mín við þá og heimsóknir til þeirra hafa undantekningarlaust verið góð og gefandi. Þeir hafa skipt verulegu máli fyrir gott gengi Happdrættis SÍBS eins og allt það góða starfsfólk sem þar hefur unnið.

Gleðilegt sumar!

Pétur Bjarnason



Múlalundur í nýju umhverfi.

Jón M. Benediktsson framkvæmdastjóri Múlalundar

Múlalundur – fyrr og nú

Múlalundur er einn elsti og stærsti verndaði vinnustaður landsins, stofnaður árið 1959 af SÍBS sem á og rekur staðinn enn í dag liðlega 52 árum síðar.

Pörfin var brýn

Forvígismenn SÍBS fundu á þessum tíma mikla þörf fyrir vinnustað sem tekið gæti við fólki af ýmsum heilsuhælum og þar með talið Reykjalundi. Árið 1958 keyptu samtökin lága bakbyggingu við Ármúla í Reykjavík og hófu þar starfsemi Múlalundar. Þeir byggðu 2 árum síðar þriggja hæða áfasta byggingu fram við götuna. Þetta hús fékk síðar númerið 34 við Ármúla. Í því húsi er í dag starfsemi Múlabæjar, dagvist fyrir aldraða, hin mætasta starfsemi sem einnig var stofnað til af SÍBS, en



í samstarfi við Reykjavíkurdæld Rauðakrossins og Félag eldri borgara í Reykjavík.

Litrík og fjölbreytt framleiðsla

Framleiðslan var fjölbreytt og var þar m.a. rekin saumastofa. Þar var framleiddur regn- og sjófatnaður, innkaupatóskur, pokar úr plasti, hin rómuðu Lilju dömubindi og auk þess leikföng, skjalabindi og albúm með áletrunum og allt í fjölmörgum litum.

Í húsinu við Ármúla var starfsemin fram á mitt ár 1982 að flutt var í nýtt glæsilegt verksmiðjuhús sem samtökin byggðu fyrir starfseminna á á lóð Öryrkjabandalagsins við Hátún. Þrátt fyrir að húsið væri stórt og myndarlegt þurfti fljótlega að leigja viðbótarhúsnæði fyrir hluta starfseminnar, fyrst í Skeifunni, en síðar í Skipholti. Framleiðslan hefur tekið miklum breytingum á þessum tíma en á síðari árum hefur megináhersl-



an verið á hvers konar vörur fyrir skrifstofuhald, svo sem möppur af öllum gerðum og ýmsum litum, merktar viðskiptavinum sé þess óskað. Plasmöppur af ýmsum gerðum fyrir hverskonar gögn, ráðstefnumöppur, möppur fyrir mat- og vínseðla veitingahúsa, borðmottur og nafnspjöld, allt eftir óskum viðskiptavina.

Stefnan tekin á Reykjalund

Í framhaldi af miklum breytingum á Reykjalundi, þar sem SÍBS tók ákvörðun um að draga sig út úr áhættusömum rekstri á sviði plastframleiðslu um áratugaskeið, losnaði mikið húsnæði í vinnuskálum Reykjalundar. Menn gerðu sér grein fyrir að skálarnir mundu henta vel fyrir starfsemi Múlalundar, enda eru þeir hannaðir fyrir starfsemi af þessu tagi þar sem um er að ræða starfsfólk sem vinnur vinnu sína við vélar eða borð. Tekin var ákvörðun um að selja húsið við Hátún og flytja starfsemi Múlalundar upp á Reykjalund.

Í hönd fór mikil vinna við endurbætur á vinnuskálunum, sem höfðu fengið takmarkað viðhald í langan tíma og því þurfti að endurnýja hitakerfi, lýsingu, lagnir, ásamt hluta af gluggum, hurðum og gólfefnum. Að síðustu var allt vinnusvæðið þrifið og málað.

Á Reykjalundi hóf Múlalundur síðan starfsemi

sína þann 2. maí 2010 í tveim vinnuskálum auk tilheyrandi bakbyggingar, samtals í um 1790 fermetrum. Í fyrsta skipti í langan tíma er því öll starfsemi á einum stað í húsnæði sem þjónar starfseminni afar vel. Vegna ofanglugga á vinnuskálunum er vinnustaðurinn hjartur og allt fyrirkomulag varðandi niðurröðun véla og búnaðar hefur sýnt sig að hafa tekist mjög vel.

Í dag vinna um 45 manns á Múlalundi, en langflestir þeirra koma fyrir milligöngu Vinnumálastofnunar og við hana er samið nú eftir flutning á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga þar sem nokkrir verndaðir vinnustaðir voru teknir til hliðar og við þá samið án aðkomu viðkomandi sveitarfélags.

Allt fyrir skrifstofuna á einum stað

Framleiðslan er að mestu leyti alls konar rekstrarvörur fyrir skrifstofur og heilbrigðisstofnanir, ýmist fjöldaframleiddar vörur á lager eða sérframleiddar fyrir þarfir hvers viðskiptavinar. Einn af styrkleikum Múlalundar er að boðleiðir eru mjög stuttar og því auðvelt að svara viðskiptavinum um hvort hægt er að verða við óskum viðkomandi, hversu langan tíma það tekur og hvað það muni kosta.

Hrunið í íslensku samfélagi hefur hitt Múlalund fyrir ekki síður en önnur fyrirtæki. Bæði hefur



Sumarferð.

viðskiptavinum fækkað til mikilla muna og sumir þeirra farið í þrot með tilheyrandi afleiðingum fyrir fyrirtækið, margir kaupa minna en áður og ýmis þökkunarverkefni sem fylgdu uppgangstímanum hafa horfið. Þörfin fyrir verndaðan vinnustað er þó ennþá til staðar og jafnvel má segja að hún hafi aukist með versnandi atvinnuástandi í samfélaginu.

Verð og gæði standast kröfur

Mun erfiðara er nú en áður fyrir verndaða vinnustaði á borð við Múlalund að sækja styrki til opinberra aðila og fyrirtækja vegna nýframkvæmda eða kaupa á búnaði. Það besta sem íslensk fyrirtæki og einstaklingar geta gert til þess að hlúa að starfsemi verndaðra vinnustaða á borð við Múlalund er að kaupa framleiðsluvörur fyrirtækisins. Viðskiptavinir Múlalundar geta verið þess fullvissir að þeir fá þar eins góðar eða betri vörur en þeim bjóðast annars staðar og verðið er trúlega í flestum tilfellum lægra en frá samkeppnisáðilunum. Bónusinn í viðskiptunum er síðan sá að á vinnustöðum eins og Múlalundi fá margir tækifæri til atvinnuþátttöku, sem myndu eiga í erfiðleikum með að fá vinnu á almennum vinnumarkaði.

Reykjalundur eflist við komu Múlalundar

Starfsemi SÍBS er nú öll komin á Reykjalund að frátalinni félagsmálastarfsemi og happdrættisrekstri, sem alla tíð hefur verið öflugasti bakhjarl

Múlalundar og Reykjalundar. Sú starfsemi er í góðu húsnæði að Síðumúla 6 í Reykjavík. Vonir standa nú til þess að með aukinni samvinnu þessara tveggja fyrirtækja í eigu SÍBS verði mögulegt að efla atvinnulega endurhæfingu, en hún var megináhersluatriði samtakanna við stofnun Reykjalundar og síðar Múlalundar. Húsnæði fyrir slíka starfsemi á skilum vinnustaðanna er til staðar, mikil fagþekking og reynsla er til staðar og þörfin fyrir öflugra starfsemi á þessu sviði er óefað einnig fyrir hendi. Að slíkum verkefnum þarf að vinna samhliða því að standa vörð um starfsemi Múlalundar og efla hana.



Helgi Kristófersson

Landsmenn hafa alltaf stutt Múlalund

Múlalundur framleiðir margvíslega vöru sem skilar öryrkjum vinnu og þjóðinni arðsemi. Flaggskipið og eins konar vörumerki Múlalundar síðustu árin eru Egla bréfabindin. Þau hafa verið framleidd í miklu magni og notið vinsælda fyrir smekklegt útlit og vandaða vinnu. Mjög mörg stórfyrirtæki og opinberar stofnanir nota eingöngu þessi bréfabindi og styðja þannig starfsemi Múlalundar.

En það er einnig fjölmargt fleira sem framleitt er í Múlalundi. Meðal þess má nefna myndaalbúm ásamt möppum af öllum stærðum og gerðum. Möppur fyrir fyrirtæki eða sérstök verkefni, sérprentaðar möppur með mynd eftir vali viðskiptavina og þar er möguleiki á mikilli fjölbreytni. Matseðlar fyrir veitingastaði eða kaffihús, möppur fyrir kóra, hljómsveitir og t.d. sölumenn fyrirtækja, tímaritamöppur og fleira og fleira. Barmmerki er stór liður í framleiðslunni þau eru notuð til að merkja starfsfólk fyrirtækja fyrir ættarmót eða fundi og ráðstefnur og tengjast þá oft möppuframleiðslunni. Þá má nefna margs konar mottur t.d. fyrir kortakvittanir, stórar borðmottur fyrir fundi og ráðstefnur og á mottunum eru myndir að vali kaupanda. Múlalundur hefur þannig heildarlausnir sem henta flestum samkomum eða viðburðum, stórum og smáum. Framleiðslan á möppum hefst með því að plastefni er tekið af rúllu og sneitt niður í réttar stærðir. Svo er það soðið utan um pappaspjöld til að mynda styrkinn og að lokum eru járnin sett í möppuna í samræmi við kjölþykkt og hve mikið magn af pappir á að komast fyrir í möpp-



Oddur Vífilsson við vinnu sína á Múlalundi

unni. Jafnframt eru framleiddar þynnri möppur sem eru kallaðar tilboðsmöppur eða skólamöppur og henta vel fyrir börnin í skólann. Stöðug vörubrúun er hjá okkur og meðal nýrra vara má nefna fartölvubretti sem hlífa líkamanum fyrir geislun frá fartölvu og aðlaga tölvuvinnsluna betur að líkamanum. Bókastandur og dagblaðabretti er líka nýmæli og hafa þessar vörur verið hannaðar í samvinnu við Ástu Krístrúnu Ragnarsdóttur. Á heimasíðu Múlalundar, sem er www.mulalundur.is, má sjá fjölmargt fleira sem er í boði hjá Múlalundi.

Fyrir okkur hjá Múlalundi skiptir það öllu meginmáli að landsmenn hafa staðið við bakið á okkur og þeim sem vinna hérna með viðskiptum sínum. Þannig hafa þeir geta hjálpað ótalmörgum að ná betri fótfestu í daglegu lífi en ella hefði verið kostur. Fyrir það erum við þakklát.



„Hér kemur birtan ofan frá“

Rætt við Franz Árna Siemsen

Viðtal: Pétur Bjarnason



Franz Árni Siemsen er rúmlega fimmtugur, stærðfræðingur að mennt og er í fullu starfi í Múlalundi. Hann mætir til vinnu klukkan 8 og deginum lýkur klukkan 16:30. Honum líkar vel í Múlalundi. „Hér er mjög gott að vinna, það var tekið mjög vel á móti mér á sínum tíma og samstarfsfólkið er mjög gott. Það er óhætt að segja að starfsandinn í Múlalundi sé finn og vinnuaðstaðan sömuleiðis.“

Franz hefur unnið í Múlalundi í tæp fjögur ár og þekkir því bæði aðstaður úr Hátúninu og svo þarna á Reykjalundi. „Það var gott að vera á gamla staðnum en mér finnst vinnusalurinn miklu bjartari og skemmtilegri hér uppfrá. Umhverfið er líka svo fallegt hérna. Hér er maður upp í sveit og maður verður glaður bara af því að líta í kring um sig. Í Hátúninu var vinnusalurinn dimmari og lægra til lofts. Hér





kemur birtan ofan frá og það er mun hærra til lofts í vinnusalnum. Það er líka alltaf gaman að koma í matsalinn þar sem við fáum mjög gott fæði í mötuneytinu hjá Reykjalundarfólkinu, en við höfum hins vegar okkar eigin kaffistofu hér í Múlalundi líkt og var í Hátúninu. Ég sakna ekki neins frá gamla staðnum nema helst þess að leiðin í vinnuna var mun styttri. Ég bý í Hafnarfirði og ferðin kvölds og morgna með strætisvagni hingað uppeftir tekur um klukkutíma hvora leið ef allt gengur vel.“

Franz vinnur margvísleg störf í Múlalundi. Þau eru mismunandi og mörg þeirra frekar einhæf, en önnur bjóða uppá meiri fjölbreytni. Honum finnst einhæf vinna ekkert síðri en önnur og endurtekningin þreytir hann ekki. Það kemur í ljós að leiðir okkar tveggja hafa legið saman áður. Það var í Finnbogastaðaskóla á Ströndum fyrir um tveimur áratugum þar sem ég kom í heimsókn sem fræðslustjóri en Franz var þar kennari í einn vetur. Þaðan lá leið hans í Fjölbrotaskóla Vesturlands þar sem hann kenndi um árabíl, en hann kenndi líka stærðfræði við Tækniskóla Íslands. Í samtali mínu síðar við Helga Kristófersson aðstoðarframkvæmdastjóra Múlalundar kom fram að Franz kenndi honum í Tækniskólanum á sínum tíma.

Ég kem þar að sem Franz er að undirbúa að líma möppur sem ætlaðar eru undir Andrés önd og félagi hans. Þetta er ekki eins einfalt og virðist, heldur þarf nákvæmni við. Með honum við verkið er Ingvar Sigurðsson. Eftir að límið hefur verið þynnt og fyllt á þar til gerða maskínu er pappirinn limborinn á valsi, pappspjald lagt ofan á hann, kantarnir brotnir inn á og svo pressar Ingvar þetta í öðrum valsi. Þá er eftir að setja í þetta tvö brot, prenta á kápuna og járna möppuna. Miklu máli skiptir að kantarnir séu

jafnir og þegar texti eða línur eru á plastinu má engu skeika enda er enga missemi að sjá á verkinu við skoðun, allir kantar hnífjafnir.

Ég spurði Franz hvernig ráðningu hans til Múlalundar hefði borið að á sínum tíma. „Það gæti verið nokkuð löng saga, en í mjög stuttu máli var ég haldinn miklum kvíða og var með þunglyndiseinkenni. Ég var algjörlega framtaklaus, hafði mig ekki í neitt, gat ekki leitað mér að vinnu eða bjargað mér á annan hátt og frumkvæði hjá mér var bara ekkert. Þá fann Vinnumiðlunin þessa vinnu hér í Múlalundi fyrir mig og hér hef ég verið síðan. Mér finnst ágætt að þúsla með hluti og vinna með höndunum. Mér leiðist ekki og hef nóg að gera. Það á reyndar líka við um aðra sem hér vinna. Mjög margir fá tækifæri hér í Múlalundi sem þeim hefði ekkert endilega gefist annars staðar.“

Aðspurður segist Franz ekki velta því mikið fyrir sér hvað svo taki við. „Mér líður vel eins og er og ég tek bara því sem að höndum ber. Það má vera að aðstæður breytist hjá mér og þá tekst ég á við það. Múlalundur hefur reynst mér mjög vel og ég ber hlýjan hug til þessa vinnustaðar eins og flestir hérna gera.“



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frimann Andrésón
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

„Vil helst vinna hér á meðan heilsan leyfir“

Matthildur er ein af reyndustu starfsmönnum Múlalundar

Viðtal: Pétur Bjarnason



Matthildur Halla Þórarinsdóttir stendur á hálf-sextugu og hefur unnið á Múlalundi frá árinu 1988. Fyrst í Ármúla 34, síðan flutti Múlalundur í Hátún 10 og er núna á Reykjalundi. Hún hefur frá upphafi unnið hálfan daginn. Framan af, þegar hún var að ala drengina sína tvo upp, vann hún yfirleitt fyrri hluta dagsins en að undanfögnu hefur hún frekar unnið eftir hádegi. Matthildur býr í Árbæ og núna kemur hún í vinnuna með ferðaþjónustu fatlaðra, en ástæða þess er að hún hefur glímt við bakmeiðsli að undanfögnu. Þegar fram í sækir býst hún við að

geta farið með strætó eins og hún gerði áður niður í Hátúnið.

Matthildur er flogaveikisjúklingur, og læknirinn hennar sagði henni að hún mætti búast við að verða betri af flogaveikinni með tímanum. Það segir hún að hafi gengið eftir og hún sé því betri af sjúkdómnum nú síðari árin þó hann sé vissulega til staðar. Vegna flogaveikinnar átti hún erfitt með að fá vinnu, en mamma hennar sótti um vinnu fyrir hana á Múlalundi á sínum tíma og þar hefur hún unnið síðan. Á Múlalundi staldra margir stutt við og þá getur verið hagkvæmt að

nokkrir starfsmenn hafi verkþekkingu til að miðla nýliðunum. Matthildur hefur unnið á ýmsum vélum og sömuleiðis fengist við margt annað á þessum árum. Þegar blaðamaður bar að garði var hún að laga plastmerkisþjöld. Það þarf að opna göt sem eru stönsuð á þau og líta eftir að framleiðslan sé ógölluð. Hún segist stundum hafa velt fyrir sér að leita að annarri vinnu, en fannst vinnumarkaðurinn óstöðugur og taldi öruggara að vera þarna, ekki síst meðan drengirnir voru yngri, en þeir eru nú báðir uppkomnir. Hún sagðist hafa sagt þeim að hún væri öryrki, gæti lítið stutt þá þegar þeir stálpuðust, og þeir yrðu að spjara sig sjálfir. Það hafa þeir líka gert og staðið sig vel. En hvað með fjárhaginn? Tekst að ná endum saman? Hún býr í leiguíbúð sem Sjálfsbjörg á og þjónustufulltrúinn í Landsbankanum er mjög hjálpleg við hana. Hún hefur alltaf getað staðið í skilum og þetta gengur bara ágætlega. Auk vinnunnar í Múlalundi fær hún örorkulífeyri og þótt fæstir telji sig ofsæla af fjárhæðinni þá lætur hún sér hana nægja og henni hefur alla tíð dugað það sem hún hefur handa á milli. Matthildur hefur verið slæm í fótum og fór í aðhald til að léttast og minnka álag á fótunum. Það hefur reynst henni vel og hún íhugar að fá




sér kort í þjálfunarhúsið á Reykjalundi og komast þá líka í laugina þar. Hún var þar í sjúkráþjálfun fyrir nokkru og lét mjög vel af þeirri dvöl. Matthildur ber samstarfsfólki sínu mjög vel söguna og segir yfirmenn alltaf hafa reynst sér vel. Einkum nefnir hún Steinar Gunnarsson sem var framkvæmdastjóri í meira en aldarfjórðung. Hann sagði henni að hún gæti alltaf leitað til sín ef henni lægi eitthvað á hjarta og henni fannst það mjög gott. Samstarfsmennirnir eru orðnir margir eins og gefur að skilja, en Pétur Jóhannesson og Hörður Magnússon hafa unnið einna lengst með Matthildi og því er hóað í þá til myndatöku. Matthildur er mjög sátt við veru sína og störf á Múlalundi og vonast til að geta unnið þar svo lengi sem heilsan leyfir.



Ertu á **facebook**?

SÍBS ásamt aðildarfélögum og stofnunum eru farin að hasla sér völl á „Fésinu“ eða Fasbókinni eins og sá ágæti fræðimaður Páll Bergþórsson hefur stungið upp á að fyrirbærið verði kallað. Múlalundur hefur haldið úti góðri síðu á Facebook, Happdrætti SÍBS safnar vinum sínum á Fasbókinni og Hjartaheill og Neistinn eru þarna líka. Nýlega bættust Samtök lungnaþjúklinga í hópinn. Vafalaust eiga mun fleiri eftir að nýta sér þennan kost og vinum og velunnurum gefast því enn betri möguleikar á að efla tengslin. Þarna er góður vettvangur til að koma fróðleik á framfæri og skiptast á skoðunum um það sem þessi fyrirtæki eða stofnanir varðar. Flýttu þér á „Fasbókina“ og kynntu þér málin!

Framkvæmdir við nýtt húsnæði Múlalundar í skálunum á Reykjalundi voru umfangsmiklar



Boðið var til veislu þegar Múlalundur flutti í ný húsakynni 2. maí 2010

Starfsfólk Reykjalundar og SÍBS samgladdist Múlalundarmönnum við þetta tækifæri.



Vinnur á Múlalundi eftir endurhæfingu

Eftir endurhæfingu á Grensásdeild og Reykjalundi vinnur hann nú á Múlalundi og lítur björtum augum á framtíðina.

Hér er hann að skoða nýja vinnusalinn með iðjubálfa af Reykjalundi í apríl 2010.



RioTinto Alcan

nettó

 Arion banki

Fjallabyggð



Öryrkjabandalag Íslands 50 ára!



ÖBÍ var stofnað 5. maí 1961 Stofnfélögin voru sex:

- Ás styrktarfélag (sem þá hét Styrktarfélag vangefinna),
- Blindrafélagið
- Blindravinafélag Íslands
- SÍBS - Samband íslenskra berkla- og brjóstholssjúklinga
- Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra
- Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra (SLF)

Fyrsta stjórn ÖBÍ var skipuð einum fulltrúa frá hverju þessara félaga. Myndin hér að ofan sýnir fyrstu stjórn ÖBÍ ásamt framkvæmdastjóra, talið frá vinstri :

- Andrés Gestsson, Blindrafélaginu
- Einar Eysteinnsson, Blindravinafélaginu
- Sveinbjörn Finnsson, Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra
- Oddur Ólafsson, SÍBS og fyrsti formaður ÖBÍ
- Sigríður Ingimarsdóttir, Styrktarfélagi vangefinna (nú Ás styrktarfélag)

- Zophanías Benediktsson, Sjálfsbjörg landssambandi fatlaðra
- Guðmundur Löve, fyrsti framkvæmdastjóri ÖBÍ

Heimildarmynd frumsýnd um 50 ára sögu bandalagsins.

Af því tilefni verður afmælisfagnaður á Hilton Reykjavík Nordica Hótel, þar sem verður meðal annars frumsýnd heimildarmyndin „Eitt samfélag fyrir alla, Öryrkjabandalag Íslands í 50 ár.“ Rauður þráður myndarinnar er mannréttindabarátta. Þetta er í fyrsta sinn sem gerð er heimildarmynd um ÖBÍ en höfundur myndarinnar Páll Kristinn Pálsson hefur unnið að gerð hennar undanfarið ár. Efniviðurinn kemur að megninu til frá sjónvarpi RÚV, Kvikmyndasafni Íslands, persónulegum myndasöfnum og miklum fjölda viðtala. Fjallað er um sögu bandalagsins í máli og myndum.

Af heimasíðu ÖBÍ birt með góðfúslegu leyfi þaðan.



Starfsgreinasamband Íslands

Frá stjórn SÍBS

Skipulagsbreytingar og nýr framkvæmdastjóri SÍBS

Á undanförunum árum hafa átt sér stað margvíslegar breytingar á rekstri og skipulagi SÍBS. Þær hafa farið fram með lagabreytingum í kjölfar vinnu stjórna og skipulagshópa og miklar umræður á síðustu þremur reglulegum þingum SÍBS, ásamt einu aukaþingi. Eftir lagabreytingar á sambandsþingi haustið 2008 tók stjórn SÍBS við stjórn Reykjalundar og Múlalundar, sem áður höfðu haft sérstakar þingkjörnar stjórnir fyrir hvora stofnun um sig. Eftir sem áður fór stjórnin með önnur málefni SÍBS milli þinga eins og verið hafði. Jafnframt var unnið að því að gera Múlabæ og Hlíðabæ að sjálfseignarstofnunum, sem þó munu starfa með sama hætti eftir breytingarnar.

Samhliða þessum breytingum á skipulagi hefur versnandi árferði sett svip sinn á rekstur á vegum SÍBS og þurft að fækka fólki, og hefur það ekki síst komið niður á fjölmennasta vinnustaðnum, Reykjalundi.

Stjórn SÍBS ákvað síðastliðinn vetur að ráðast í skipulagsbreytingar á skrifstofum samtakanna í Síðumúla 6. Jón M. Benediktsson, sem áður hafði annast um eignaumsýslu fyrir SÍBS hefur tekið við rekstri Múlalundar, en umsýsla eigna skiptist nú að mestu á milli Reykjalundar og skrifstofu í Síðumúla 6.

Helgi Hróðmarsson, sem stýrt hefur félagsmála-

og fjárfnumarsviði lét af störfum 31. mars. Þá hætti Pétur Bjarnason störfum 30. apríl, en hann hefur verið framkvæmdastjóri Hapdrættis SÍBS ásamt því að ritstýra SÍBS blaðinu og sjá um heimasíðu samtakanna.

Stjórn SÍBS þakkar þessum starfsmönnum vel unnin störf í þágu SÍBS og óskar þeim alls hins besta í framtíðinni.

Um mánaðamótin apríl mars kom til starfa nýráðinn framkvæmdastjóri SÍBS, Guðmundur Löve. Guðmundur var valinn til starfsins úr mjög stórum hópi umsækjenda með aðstoð ráðgjafafyrirtækisins Hagvangs. Undir hann mun heyra starfsemi ofangreindra sviða ásamt Hapdrætti SÍBS.

Guðmundur Löve á að baki fjórtán ára reynslu af fyrirtækjastjórnun hér á landi og erlendis. Þá hefur hann setið í stjórnnum félagasamtaka, starfað með opinberum stofnunum og sinnt hagsmunagæslu um tólf ára skeið. Hann hefur einnig margra ára reynslu af fjármögnunar- og samningamálum sem nær út fyrir landsteinana, en hann hefur dvalið erlendis við nám og störf í alls rúman áratug. Guðmundur er með MBA-gráðu frá Viðskiptaháskólanum í Osló. Eiginkona Guðmundar er Hrefna Björg Þorsteinsdóttir arkitekt og eiga þau tvö börn.

Stjórn SÍBS býður Guðmund velkominn til starfa.



Jón M. Benediktsson.



Helgi Hróðmarsson.



Pétur Bjarnason.



Guðmundur Löve.



APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN





Starfsendurhæfing á Reykjalundi – endurhæfing til virkni og vinnu

Árið 2010 voru 10 ár liðin frá því að Atvinnuleg endurhæfing tók til starfa sem sér svið á Reykjalundi. Um áramótin breytti sviðið um nafn og heitir nú Starfsendurhæfing Reykjalundar.

Höfuðmarkmið Starfsendurhæfingar Reykjalundar er að hjálpa fólki út á vinnumarkaðinn eftir veikindi og slys. Það er gert með því að horfa heildrænt á stöðu einstaklingsins m.t.t. vinnu. Í byrjun er því mikilvægt að kanna áhuga, getu, menntun og starfsreynslu, ásamt því að skoða færniskerðinguna, þ.e. að skoða takmarkanir og tækifæri. Andleg og líkamleg færni er metin, endurhæfing skipulögð og meðferð veitt eftir þörf hvers og eins. Unnið er bæði einstaklingsbundið og í hópum. Mikil áhersla er á fræðslu og kennslu ásamt því að bæta líkamsvitund og vinnustellingar. Vinnu- lag er kannað og reynt er að auka vinnuþol, styrk og úthald með fræðslu, æfingum og vinnuþrófun, bæði innan staðar og utan. Ein-

nig er lögð áhersla á vinnuaðlögun, þar sem athugaðir eru möguleikar á að breyta vinnu- umhverfi, vinnutíma og vinnuferli. Skjólstæðingurinn er aðstoðaður við að setja sér raunhæf markmið miðað við færni og getu. Alltaf er stefnt að vinnu við hæfi á hinum almenna vinnumarkaði. Gott samstarf við atvinnulífið og mennta- og fræðslustofnanir er því mikilvæg undirstaða. Veittur er stuðningur við atvinnu- umsóknir og vinnuleit.

Starfsendurhæfing Reykjalundar er rekin samkvæmt þjónustusamningi við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Starfsemin er rekin á dagdeildarformi, með möguleika á næturgistingu fyrir þá sem eiga langt til síns heima. Allir lækna- geta sent beiðni á sviðið, jafnframt berast beiðnir



frá Tryggingastofnun og öðrum sviðum Reykjalundar. Reykjalundur er stærsti endurhæfingarstaður á Íslandi og gríðarleg fagþekking til staðar, sem nýtist í þessari vinnu. Ennfremur er þar margskonar fræðsla sem hentar vel inn í starfsendurhæfinguna sbr. verkjaskóli, streitustjórnun, slökun, geðheilsuskóli, hugræn atferlismeðferð, liðverndarfræðsla svo eitthvað sé nefnt. Í Starfsendurhæfingu Reykjalundar er lögð áhersla á þverfaglega teymisvinnu og heildræna nálgun. Í teyminu eru félagsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, heilsuþjálfari, iðjuþjálfari, lækni, sjúkraþjálfari, sálfræðingur og verkstjóri. Einnig



er samvinna við aðrar starfsstéttir á Reykjalundi eftir þörfum.

